

Fyrirkomulag í meistararitgerð í MA námi í náms- og starfsráðgjöf

Skipulegur stuðningur er við gerð lokaverkefnis í MA námi í náms- og starfsráðgjöf.

Vinna við lokaverkefni hefst á vormisseri um mánaðarmótin mars/apríl í námskeiðinu NSR027F Málstofu um meistararitgerðir I. Í málstofunni vinna nemendur með hugmynd sína að meistaraverkefni og fræðilega nálgun. Við lok málstofu skila þeir rannsóknaráætlun og þá er ákvörðun tekin um hentugan leiðbeinanda (mánaðamót maí/júní).

Á haustmisseri heldur skipuleg vinna við lokaverkefnið áfram í námskeiðinu NSR029F Málstofa um meistararitgerð II. Í málstofunni eru tilteknir áfangar ritgerðavinnunnar skilgreindir. Nemendur kynna og ræða verkefni sín og fá endurgjöf frá leiðbeinanda og samnemendum.

Gert er ráð fyrir að vinnu nemenda ljúki með útskrift í febrúar eða júní.

Til að hefja vinnu við lokaverkefnið þarf nemandi að innritast í Háskóla Íslands. Til þess þarf hann að senda póst á nemFVS@hi.is þar sem hann óskar eftir því að láta enduroppna námsferil sinn. Í framhaldinu skráir hann sig í skólann hjá nemendaskrá nemskra@hi.is eða á þjónustuborði á Háskólatorgi.

Nemandi sér sjálfur um að skrá sig í námskeiðin Málstofa um meistararitgerðir I (NSR027F) og MA-ritgerð (NSR441F) inni á ugla.hi.is þegar opnað hefur verið fyrir feril hans. Ef það af einhverjum ástæðum tekst ekki skal hann senda ósk um skráningu til nemendaskrár nemskra@hi.is

Í undantekningartilfellum geta nemar í meistararitgerð sótt um undanþágu frá þessu fyrirkomulagi til námsbrautarstjórnar og verður það metið í hvert skipti fyrir sig.